

Almennar upplýsingar

- Næsti umsóknarfrestur er 1. febrúar, fyrir verkefni sem hefjast frá 1.maí til 30.sept.
- Evrópa unga fólksins styrkir íslensk verkefni um rúmlega 1.000.000€ á ári
- Skrifstofa okkar er opin alla virka daga frá 9-16.
- Umsóknarfrestir eru 5 sinnum á ári
1.febrúar
1.apríl
1.júní
1.september
1.nóvember
- **Evróvísir** er vefgátt sem vísar þér á alla þá styrki sem standa þér til boða frá ESB, hvort sem það er til náms, leiks eða starfs

Á döfnni hjá EUF

- 9. janúar verður kynning á starfsemi EUF fyrir ungmenni á Höfn í Hornafirði.
- 11.-12. janúar verður Námskeið í notkun Kompás í verkefnum EUF - Skráning á euf@euf.is fyrir 8. janúar.
- 14. janúar verður Evrópudagurinn á Háskólatorgi frá 14-17
- 15.-19. mars verður SoHo námskeið á vegum EUF á Hótel Hamri, Borgarnesi.

Almennt um Evrópu unga fólksins

Evrópa unga fólksins er íslenska heitið á Youth in Action, ungmennaáætlun Evrópusambandsins. Evrópa unga fólksins (EUF) hefur það markmið að styrkja fjölbreytt verkefni fyrir ungt fólk sem stuðla að óformlegu námi. Markhópurinn er aldurinn 13 – 30 ára og þeir sem vinna fyrir og með ungu fólki. Hægt er að sækja um styrki í 5 flokkum:

Ungmennaskipta styrkir

eru fyrir hópa ungmenna til að hitta sambærilega hópa í einu eða fleiri Evrópulöndum.

Frumkvöðlaverkefni eru hugsuð fyrir ungt fólk sem vill hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd. Slík verkefni geta verið framkvæmd bara á Íslandi.

Lýðræðisverkefni eru fjölbjóðleg verkefni sem miða að því að auka lýðræðislega þátttöku ungs fólks í Evrópu

Styrkur allt að 50.000€ **Sjálfbodaavinna** er í boði fyrir fólk milli 18 og 30 ára um alla Evrópu því að kostnaðarlausu

Þjálfun og samstarf eru fjölbreytt verkefni sem hugsuð eru bæði fyrir ungt fólk og þá sem starfa að æskulýðsmálum. T.d. eru veittir styrkir innan flokksins til að sækja námskeið í Evrópu

Mikil fjölgun umsókna 2009

Nú var að ljúka þriðja ári núverandi ungmennaáætlunar ESB, Youth in Action, en sú áætlun varir frá 2007-2013, og er því tæplega hálfnuð. Fyrstu tvö árin hélt fjöldi umsókna héraendis mjög jafn og var sótt um 55 styrki bæði árið 2007 og 2008. Svo virðist sem íslensk ungmenni hafi heldur betur tekið við sér 2009 en þá jókst fjöldi umsókna um rúm 56% en alls bárust 86 umsóknir. Af þeim voru 17 verkefni ungmennaskipti, 29 frumkvöðlaverkefni og 24 sjálfbodaða verkefni. Færri voru lýðræðisverkefni, samstarf við nágrannalönd og þjálfun og samstarf.

Námskeið — Ráðstefnur — Fundir (kostnaður þátttakenda 20.000kr.)

TicTac - Frakklandi

Hvenær: 22.-28. mars 2010, Umsóknarfrestur 12.01.2010

Efni/Þema: Að kynna náð flokki 4.3; Þjálfun og samstarf virkra aðila í ungmennastarfi og samtökum ungs fólks.

Fyrir hverja: Fólk sem starfar á vettvangi æskulýðsmála. ath!Ísland á sérstaklega frátekin tvö pláss á þessu námskeiði. - **Skoða nánar**

Appetiser - Ítalíu, kynning á alþjóðlegu ungmennastarfi

Hvenær: 27.-31. mars 2010, umsóknarfrestur 5.febrúar 2010

Efni/Þema: Að gefa þátttakendum færi á að upplifa möguleikanna sem fjölbjóðlegt ungmennastarf hefur uppá að bjóða ásamt því að kynna aðferðum óformlegrar menntunar.

Fyrir hverja: Ungt fólk og fólk sem starfar með ungmennum - **Skoða Nánar**

Fleiri námskeið, ráðstefnur, fundir

Evrópa unga fólksins á Facebook

11.nóvember síðastliðinn var stofnuð Facebook síða EUF. Viðtökurnar hafa vægast sagt verið frábærar enda nauðsynlegt að vera skráður þar til að vita hvað er að gerast. Þar birtast allar helstu fréttir EUF um leið og þær gerast t.d. varðandi spennandi námskeið og samstarfshópa í Evrópu

